

Nd.

306. Breytingartillaga

[107. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 29. maí 1958, um breyt. á l. nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Sigurði Ágústssyni, Eiríki Þorsteinssyni, Karli Guðjónssyni og Áka Jakobssyni.

Á undan 1. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

b-liður 1. gr. laganna orðist svo:

c-liður 1. málsg. sömu greinar orðist svo:

Sameignarfélag og samlög, enda séu þau skrásett firmu og hafi tilkynnt til firmaskrár, að þau óski að vera skattlögð sem félag. Slík tilkynning skal hafa borið firmaskrá í síðasta lagi innan mánaðar, eftir að lög þessi öðlast gildi, eða innan þriggja mánaða, eftir að félag hóf rekstur sinn. Að öðrum kosti skal öllum tekjum og eignum slíks félags skipt milli sameigenda í samræmi við hlutdeild þeirra og/eða viðskiptaveltu í félaginu og þær skattlagðar með öðrum tekjum þeirra og eignum. Félagi, sem skrásett hefur verið sem sjálfstæður skattaðili samkvæmt framansögðu, er ekki heimilt að taka síðar upp þá reglu að skipta tekjum eða eign til skatts.